

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlugvelli



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	EBK	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Keflavíkurlugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Vilberg Karlsson	Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en athugasemd var gerð vegna sprungna á mengunarvarnarþró.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Olíubirgðastöð EBK ehf. er samtengd olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Helguvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir þrýstiprófunum lagnarinnar frá tengibrunni við Fuel West og inn í stöð. Olíubirgðastöðin er líka samtengd EAK ehf. (eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurlugvelli) með „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á flughlaði fyrir eldsneytisafgreiðslu á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en rekstraraðili sér um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir á henni.

Fimm geymar eru í stöðinni. Geymar 1, 2 voru botnþykktarmældir í janúar 2015 og geymir 3 í desember 2014. Kemur fram í skýrslu HB Tækniþjónustu að ástand þeirra sé gott. Geymir 4 er neðanjarðargeymir fyrir díselolíu og er hann ekki í notkun. Ekki er gert ráð fyrir því að hann verði notaður frekar og búið er að aftengja hann og stendur hann tómur, í steyptri þró. Geymir 5 er lítill úrgangsolíugeymir, voru geymar 4 og 5 botnþykktarmældir árið 2011.

Neðanjarðarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2011 og lagnir innan þróar sem liggja ofanjarðar voru þykktarmældar árið eftir. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir þykktarmælingu í stað þrýstiprófunar á ofanjarðarlögnum þar sem erfitt er að þrýstiprófa þær. Skv. gr. 3.2 skal þrýstiprófa neðanjarðarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti. Í 60. gr. reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi kemur fram að á fimm ára fresti skuli þrýstiprófa olíulagnir á landi. Hingað til hefur rekstraraðili fylgt ákvæðum reglugerðarinnar og þrýstiprófað á 5 ára fresti. Komið er að þrýstiprófunum fyrir þær lagnir sem prófaðar voru árið 2011.

Frárennsli stöðvarinnar fer í gegnum olíuskilju og eru gerðar mælingar árlega með "oil test paper" nr. 907 60 frá Macherey – Nagel olíuprófi. Síðasta mæling var gerð 2. október sl. og greindust engar olíuleifar á prófinu. Olíuskiljur eru skoðaðar tvisvar sinnum í viku og tæmdar eftir þörfum af Hreinsitækni.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var yfir rekstrarhandbók og voru skráningar í lagi.

Starfsleyfið var aðgengilegt eftirlitsaðila í aðstöðuhúsi, sem og afstöðumynd, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina og lekavarnarþró. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg að sjá.

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila né rekstraraðila vegna starfseminnar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við sprungur sem myndast hafa í steyptri mengunarvarnarþró um birgðageyma félagsins. Bent var á í síðasta eftirliti að huga þyrfti að þéttingu þróarinnar. Búið er að taka út þróna og gera kostnaðaráætlun um verkið og fyrirhugað er að farið verði í þær framkvæmdir samhliða framkvæmdum við uppsetningu nýs olíugeymis á svæðinu.

ANNAÐ

Uppfærð áætlun vegna rekstrarstöðvunar hefur verið send eftirlitsaðila.


Greina mátti leka í loka við inndælingarlögn við stöðvarhús. Var lekinn óverulegur og dropaði niður á steypit plan. Bent er á að laga þurfi þetta sem allra fyrst.

Til stendur að reisa nýjan geymi við stöðina og lekavarnarþró í kringum hann. Reiknað er með að sú vinna hefjist á næsta ári og í leiðinni verði lekavarnarþró eldri geyma lagfærð. Ekki er reiknað með að fjölga þurfi dælum í stöðvarhúsi þó svo að nýr geymir bætist við í stöðinni.

Reykjavík, 30.06.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir